

Efni:

Umsögn Dýraþjónustu Reykjavíkur um hundasvæði á Klambratúni í framhaldi af tillögu fulltrúa Sjálfstæðisflokks á fundi Umhverfis- og skipulagsráðs þann 14.5.2025.

Undanfarin þrjú ár hefur verkefni verið í gangi á Klambratúni þar sem lausaganga hunda hefur verið heimiluð á ákveðnum tímum viku og dags á hluta svæðisins. Ekki er þó um afgirt svæði að ræða, en slíkt væri nauðsynleg viðbót. Verkefnið var framlengt nú nýverið eftir umræður í Heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Ástæðan er einföld – verkefnið hefur gengið vel og þörfin ef til staðar. Það er því komin jákvæð reynsla á veru hunda á þessu svæði.

Sé þörfin fyrir lausagöngusvæði fyrir hunda skoðuð sérstaklega í borginni má sjá að slík svæði eru af verulega skornum skammti í vesturhluta borgarinnar. Eina lausagöngusvæðið sem þar má finna er við BSÍ og það svæði er á útleið. Það er því mikilvægt að skoða með hvaða hætti koma má til móts við hundaeigendur og hunda þeirra í borgarhlutanum og hugsa þar til framtíðar.

Dýraþjónustan hefur áður skoðað möguleikann á afgirtu lausagöngusvæði á Klambratúni og telur vel hægt að koma slíku svæði fyrir þar. Slíkt hefur einnig komið upp í greiningum sem unnar hafa verið með starfsfólki Umhverfis- og skipulagssviðs.

Hundaeigendur í Reykjavík er stækkandi hópur sem greiðir gjöld af hundahaldi sínu. Það er því mikilvægt að hópurinn fái þjónustu í samræmi við það og að gert sé ráð fyrir þörfum hópsins í skipulagi borgarinnar.

Í ljósi fyrri reynslu á svæðinu og þess að lausagöngusvæði hunda vantar í borgarhlutann mælir Dýraþjónusta Reykjavíkur með því að lausagöngusvæði (hundagerði) verði komið upp á eða við Klambratún og útfærsla þess verði unnin í samstarfi Dýraþjónustunnar og starfsfólks Umhverfis- og skipulagssviðs.

F.h. Dýraþjónustu Reykjavíkur

Þorkell Heiðarsson